



Börn og netmiðlar

Öryggi á netinu



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION



Börn og netmiðlar

3. HLUTI - ÖRYGGI Á NETINU

Febrúar 2022

Fjölmiðlanefnd

Menntavísindastofnun

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir

Umsjón: Skúli B. Geirdal

Inngangsorð	4
Helstu niðurstöður	5
Framkvæmd könnunar	6
Niðurstöður	
Deiling lykilorða	7
• Veist þú lykilorð að samfélagsmiðlum einhverra vina þinna?	
• Hefur þú sagt vinum þínum lykilorð þín að samfélagsmiðlum?	
• Hvers vegna deildir þú lykilorði með vini?	
• Veistu lykilorð foreldra þinna í App Store eða Google Play?	
Sýnileiki	13
• Hver getur séð það sem þú setur á [eftirfarandi samfélagsmiðla]?	
Blokka	15
• Hefur þú blokkað einhvern á Snapchat, TikTok, Instagram eða Facebook?	
Vinabeiðnir	16
• Hvernig bregst þú venjulega við vinabeiðni á samfélagsmiðlum?	
• Hvernig bregðast strákar og stelpur við vinarbeiðni á samfélagsmiðlum?	
• Hefur þú einhvern tíma samþykkt vinarbeiðni frá einhverjum sem þú þekktir ekki?	
Heimild til deilinga	20
• Færðu leyfi hjá foreldrum þínum til að gera eftirfarandi á netinu?	
Eftirlit foreldra	22
• Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu?	
Falskur aðgangur	26
• Ertu með eða hefur þú verið með nafnlausan eða falskan aðgang að samfélagsmiðlum?	
Yfirlit um fjölda þátttakenda	27
Þakkir	28

Fjölmiðlanefndir á Norðurlöndunum og í öðrum ríkjum álfunnar hafa með reglubundnum hætti kannað hvernig börn og ungmenni nota fjölmiðla og samfélagsmiðla. Með því að gera reglubundnar kannanir og vinna úr þeim tölfraðilegu gögnum sem safnað er má fylgjast með þeim breytingum sem verða á notkun. Á grundvelli upplýsinganna er hægt að eiga samtal um ólíka notkun, gefa góð ráð og búa til fræðsluefni fyrir ólíka aldurshópa.

Fjölmiðlanefnd fékk Menntavísindastofnun Háskóla Íslands til að framkvæma viðtæka spurningakönnun meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9-18 ára um allt land á vormánuðum árið 2021. Um var að ræða norska rannsókn, sem var staðfærð og þýdd, en rannsóknin var upphaflega unnin af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet, í samstarfi við Sentio Research í Noregi. Auk þess fékk Medietilsynet aðstoð frá norsku Neytendastofnuninni, Kripos og Barnaheillum í Noregi. Umsjón með verkefninu hafði Thea Grav Rosenberg.

Niðurstöður þessarar viðtæku spurningakönnunar meðal íslenskra barna og ungmenna verða kynntar í nokkrum hlutum. Í fyrsta hluta er fjallað um **miðlanotkun barna og ungmenna**. Í öðrum hluta er fjallað um **kynferðisleg komment og nektarmyndir**. Í þriðja hluta er sjónum beint að **öryggi barna og ungmenna á netinu** og í fjórða hluta er viðfangsefnið **klám**. Fimmta skýrslan fjallar um **notkun barna og ungmenna á tölvuleikjum** og sú sjötta um **fjölmiðla-notkun** þeirra og hvort þau verði vör við **falsfréttir**. Síðasta hlutanum er síðan ætlað að lýsa **upplifun barna og ungmenna á netinu**.

Er þetta í fyrsta sinn sem Fjölmiðlanefnd, í samstarfi við Menntavísindastofnun, birtir niðurstöður slíkrar umfangsmikillar könnunar. Fyrirhugað er að gera sambærilega könnun á tveggja til þriggja ára fresti til að kanna miðlanotkun og færni barna og ungmenna þannig að hægt verði að bera saman niðurstöðurnar og hvernig notkun þróast.

Í lokin verða upplýsingarnar gerðar aðgengilegar í heildstæðri skýrslu. Þá verður jafnframt tryggt að fræðasamfélagið og aðrir geti nálgast rannsóknargögn á aðgengilegu formi, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða, þar sem niðurstöður könnunarinnar geta orðið uppspretta frekari kannana og rannsókna.



Elfa Ýr Gylfadóttir

Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar

Deiling á lykilorðum meðal vina


Í 4.-7. bekk hafa **1 af hverjum 10 börnum sagt vinum lykilorð sitt**. Algengasta ástæðan fyrir því er til öryggis ef þau skyldu gleyma lykilorðinu. **Fjórðungur ungmenna á unglinga- og framhaldsskólastigi hafa sagt vini frá lykilorðum sínum** aðallega þegar þau þurftu aðstoð vinar. Næstum tvöfalt fleiri stelpur en strákar hafa deilt lykilorðum sínum með vinum.



Vinarbeiðni frá ókunnugum

Í 4.-7. bekk hafa **3 af hverjum 10 börnum samþykkt vinabeiðni frá ókunnugum**.


Um **7 af hverjum 10** nemendum á unglinga- og framhaldsskólastigi hafa **samþykkt vinabeiðni** frá einstaklingum sem þeir **þekktu ekki** áður.



Falskur eða nafnlaus aðgangur


Fjögur af hverjum tíu ungmennum á unglinga- og framhaldsskólastigi hafa verið með **falskan eða nafnlausan aðgang að samfélagsmiðlum**.

Hlutfall stelpna sem hafa átt falskan/nafnlausan aðgang er 4-6% hærra en stráka. Börn í 4. - 10. bekk fengu ekki þessa spurningu.




Blokk á samfélagsmiðlum

Rúmur helmingur barna í 4. - 7. bekk (9-12 ára) **hefur þurft að blokka einhvern** á Snapchat, TikTok, Instagram eða Facebook. Á unglinga- og framhaldsskólastigi er hlutfallið **8 af hverjum 10** sem hafa blokkað einhvern á þessum miðlum. **Mun algengara er að stelpur hafi blokkað einhvern** á samfélagsmiðlum og hlutfallslegur munur eykst með aldri.



Foreldrar sem skoða aldrei netnotkun

Einn af hverjum þremur nemendum í 4.-10. bekk **telja foreldra sína aldrei athuga** hvað þeir skoði á netinu. Hlutfallið næstum **tvöfaldast** í 8.-10. bekk. Meðal 16-18 ára framhaldsskólanema er hlutfallið **8 af 10**. Aðeins fleiri strákar en stelpur segja foreldra sína aldrei athuga hvað þeir skoði á netinu.



Í skýrslu þessari birtist hluti af niðurstöðum könnunarinnar *Börn og netmiðlar*. Könnunin náði um allt land og byggir á rannsókn norsku fjölmiðlanefndarinnar *Barn og media*. Við þökkum henni fyrir aðstoð og samstarf við undirbúning og skipulagningu þessa verkefnis.

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með slembivöldu úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára. **Alls tóku 5.911 nemendur þátt**, þar af voru 4.802 grunnskólanemendur í 4.-10. bekk og 1.109 framhaldsskólanemendur. Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar.

Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var á **meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir á öllum landsvæðum**. Heimild var fengin hjá fræðslustjórum eða skólaskrifstofum viðkomandi svæða til að hafa samband við skólastjóra innan viðkomandi fræðslusvæðis. **23 af 25 boðuðum skólum samþykktu þátttöku**. Úrlausnir bárust frá öllum skólum nema tveimur. Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og gefinn var kostur á að hafna þátttöku. **Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund** eftir settum verklagsreglum og notaðar voru tölvur í eigu skólanna.

Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskólanna var að nokkru leyti frábrugðin þó að þátttakendur hafi fengið sama spurningalista og nemendur á unglingastigi grunnskóla. Haft var samband við um **30 framhaldsskóla og 23 þeirra samþykktu þátttöku**. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri, að auki fylgdu með upplýsingar fyrir þá sem vildu hafna þátttöku barna sinna. **Netpóstur með upplýsingum um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur í netpósti til allra nemenda** sem voru 18 ára eða yngri og höfðu ekki hafnað þátttöku. Allir skólar nema einn sendu út eina ítrekun til nemenda.

Þátttakendum var gerð grein fyrir að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og/eða hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. **Einnig var þeim greint frá því að ekki væri verið að afla neinna persónuupplýsinga**. Útsendir spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu, **styttri útgáfa var fyrir nemendur í 4.-7. bekk**, en lengri listi með viðbættum efnisflokkum var ætlaður nemendum í 8. bekk og eldri. Þátttakendur í framhaldsskólum fengu sama spurningalista og lagður var fyrir nemendur í 8.-10. bekk grunnskóla.


Tímabil fyrirlagnar var frá miðjum mars og fram til fyrstu viku maímánaðar 2021. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði. Niðurstöður fyrir framhaldsskólanema voru vigtaðar eftir kyni og landssvæði.

DEILING LYKILORÐA MEÐAL BARNA OG UNGMENNA

Þátttakendur fengu ýmsar spurningar sem tengjast því að deila eigin lykilorði/um og þekkingu á lykilorði/um annarra, þar á meðal lykilorði/um vina á samfélagsmiðlum.

MYND 1. VEIST ÞÚ LYKILORÐ AÐ SAMFÉLAGSMIÐLUM EINHVERRA VINA ÞINNA?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=4805, framhaldsskóli n= 1092).



Um fjórðungur ungmenna á unglinga- og framhaldsskólastigi þekkir lykilorð nokkurra vina sinna að samfélagsmiðlum. Hlutfallið er nokkuð lægra hjá yngsta aldurshópnum, eða 13%. Meirihluti þátttakenda (65-72%) veit ekki lykilorð vina sinna.

MYND 2. VEIST ÞÚ LYKILORÐ AÐ SAMFÉLAGSMIÐLUM EINHVERRA VINA ÞINNA?


Niðurstöður flokkaðar eftir strákum, stelpum og skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Í öllum aldurshópum er algengara að stelpur en strákar viti lykilorð einhverra vina sinna að samfélagsmiðlum, sjá mynd 3. Hlutfallið er hærra á unglinga- og framhaldsskólastigi en meðal yngsta hópsins í 4.-7. bekk. Allir aldurshópar voru einnig spurðir hvort þeir þekktu lykilorð foreldra sinna að App Store eða Google Play.

MYND 3. HEFUR ÞÚ SAGT VINUM ÞÍNUM LYKILORÐ ÞÍN AÐ SAMFÉLAGSMIÐLUM?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=4805, framhaldsskóli n=1092).



Hlutfall þeirra sem hefur deilt lykilorði að samfélagsmiðlum með vinum sínum eykst með aldri, í 4.-7. bekk hafa 12% barna deilt lykilorði en í 8.-10. bekk og framhaldsskóla er hlutfallið orðið 26-28%.

MYND 4. HEFUR ÞÚ SAGT VINUM ÞÍNUM LYKILORÐ ÞÍN AÐ SAMFÉLAGSMIÐLUM?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Nokkuð hærra hlutfall stelpna en stráka, sem notar samfélagsmiðla, hefur deilt lykilorði sínu með vinum, sjá mynd 4. Þessi kynjamunur er í öllum aldurshópum og heilt á litið eru næstum tvöfalt fleiri stelpur en strákar sem deila lykilorðum sínum með vinum.

Aðeins þeir þátttakendur sem sögðust hafa deilt lykilorði að samfélagsmiðlum með vinum voru spurðir hvers vegna þeir völdu að gera það.


MYND 5. HVERS VEGNA DEILDIR ÞÚ LYKILORÐI MEÐ VINI?

Niðurstöður flokkaðar eftir algengasta vali innan hvers skólastigs. Spurningin er fjölvalsspurning með birtingarskilyrðum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=844, framhaldsskóli= 222).


4.-7. bekkur



8.-10. bekkur



Framhaldsskóli




Grunnskólanemar gefa helst þá ástæðu fyrir deilingu á lykilorði, að það sé *til öryggis ef þeir skyldu gleyma því*. Í framhaldsskóla er það næst algengasta ástæðan. Meðal framhaldsskólana er helsta ástæðan sú að þeir hafi þurft að upplýsa vini sína um lykilorð *þegar þeir þurftu hjálp við eitthvað*. Frekari ástæður fyrir deilingu lykilorða sem spurt var um má sjá á mynd 5.

Næsta mynd sýnir sömu niðurstöður flokkaðar eftir svarmöguleikum og skólastigum.

MYND 6. HVERS VEGNA DEILDIR ÞÚ LYKILORÐI MEÐ VINI?


Niðurstöður flokkaðar eftir svarmöguleikum. Athugið að þettu eru sömu niðurstöður og á mynd 5 en önnur uppröðun. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Nokkur munur er milli aldurshópa á þeim ástæðum sem gefnar eru fyrir því að deila lykilorði með vinum. Með aldri dregur aðallega úr valkostunum, *til öryggis*, *til að sýna hve góður vinur ég er* og *til að deila leyndarmálum*. En valkosturinn, *til að fá hjálp við eitthvað*, eykst lítillega í framhaldsskóla, 41% samanborið við 36% samantekið fyrir grunnskóla.

MYND 7. HVERS VEGNA DEILDIR ÞÚ LYKILORÐI MEÐ VINI?

Niðurstöður flokkaðar eftir svarmöguleikum fyrir stelpur og stráka. Tölur á mynd eru hlutfalls-
tölur.




Á mynd 7 má sjá nokkurn mun á strákum og stelpum varðandi ástæður þess að þau deildu lykilorði með vinum. Flokkum sem höfðu litla svörun var sleppt á myndinni. Strákar eru líklegri til að hafa gefið upp lykilorð sín þegar þeir voru *að fá hjálp við eitthvað*. Fleiri strákar en stelpur í yngsta hópnum segja ástæðuna hafa verið *til að sýna hversu góðir vinir þeir væru* auk þess sem þeir hefðu verið *að deila leyndarmálum*.

Þátttakendur voru þá einnig spurðir hvort þeir vissu lykilorð foreldra sinna á App Store eða Google Play.

MYND 8. VEISTU LYKILORÐ FORELDRA ÞINNA Í APP STORE EÐA GOOGLE PLAY?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=4805, framhaldsskóli= 1092).



Hlutfall barna, sem þekkja lykilorð foreldra sinna í App Store eða Google Play, er lægst meðal yngsta hópsins (16%) en hækkar á unglinga- og framhaldsskólastigi (25-27%).

MYND 9. VEISTU LYKILORÐ FORELDRA ÞINNA Í APP STORE EÐA GOOGLE PLAY?

Niðurstöður flokkaðar eftir svarmöguleikum fyrir stráka og stelpur. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Stelpur eru líklegri til að kunna lykilorð foreldra sinna í 8.-10. bekk og á framhaldsskólastigi en þar er hlutfallið hæst og kynjamunur jafnframt mestur.


HVERJIR SJÁ ÞAÐ SEM BÖRNIN DEILA Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM?

Allir þátttakendur voru spurðir hverjir gætu séð færslur þeirra á samfélagsmiðlum.


MYND 10. HVER GETUR SÉÐ ÞAÐ SEM ÞÚ SETUR Á [EFTIRFARANDI SAMFÉLAGSMÍÐLA]?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=4236, framhaldsskóli= 1037).


Snapchat



TikTok



Instagram



Bara vinir mínir Allir Ég set aldrei neitt Man ekki

Snapchat

Meðal allra aldurshópa sem nota Snapchat er algengast (67-70%) að aðeins vinir eða fylgjendur geti séð það sem birt er. Aðeins 4-7% setja inn færslur á Snapchat sem allir geta séð.

TikTok

TikTok virðist vera mest notað af yngsta aldurshópnum (4.-7. bekk). Tæpur helmingur yngstu


TikTok notendanna setur inn færslur sem aðeins vinir þeirra geta séð. Hlutfall þátttakenda sem aldrei setja neitt inn á TikTok eykst með aldri, er 22% í 4.-7. bekk en í framhaldsskóla 54%.

Instagram

Yngsti aldurshópurinn sker sig nokkuð frá nemendum á unglinga- og framhaldsskólastigi þar sem tæpur helmingur segist aldrei setja neitt á Instagram í yngsta hópnum. Á unglinga- og framhaldsskólastigi er hlutfall þeirra sem setur ekkert inn á Instagram 18%. Um helmingur í þessum hópi setur inn færslur sem aðeins vinir þeirra og fylgjendur geta séð.

MYND 11. HVER GETUR SÉÐ ÞAÐ SEM ÞÚ SETUR Á [EFTIRFARANDI SAMFÉLAGSMÍÐLA]? HLUTFALL ÞEIRRA SEM SETJA INN FÆRSLUR SEM AÐEINS VINIR ÞEIRRA GETA SÉÐ.

Niðurstöður flokkaðar eftir stelpum og strákam. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




- ◆ Á öllum þremur samfélagsmiðlunum eru stelpur líklegri til að setja aðeins inn færslur sem vinir þeirra eða fylgjendur geta séð.
- ◆ Á Snapchat er munurinn eftir kyni 11-14%, Meira en helmingur þátttakenda segir að einungis vinir og fylgjendur sjái það sem þeir deili á Snapchat.
- ◆ Munur á milli stráka og stelpna er mestur á TikTok, en mun fleiri stelpur setja inn færslur sem aðeins vinir geta séð. Hlutfallið er lægst meðal framhaldsskólanema.
- ◆ Á Instagram er kynjamunurinn aðallega í grunnskóla en í framhaldsskóla er munur á lokuðum færslum stráka og stelpna óverulegur.

AÐ BLOKKA EINHVERN Á SAMFÉLAGSMIÐLUM


Þau börn sem merktu við að hafa eigin aðgang að Snapchat, TikTok, Instagram og/eða Facebook, voru spurð hvort þau hafi blokkað einhvern á þessum samfélagsmiðlum.

MYND 12. HEFUR ÞÚ BLOKKAÐ EINHVERN Á SNAPCHAT, TIKTOK, INSTAGRAM EÐA FACEBOOK? Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=4099, framhalds- skóli n=1035).



Rúmur helmingur barna í 4.-7. hefur blokkað einhvern á samfélagsmiðlunum en á unglinga- og framhaldsskólastigi er hlutfallið um 80%.

MYND 13. HEFUR ÞÚ BLOKKAÐ EINHVERN Á SNAPCHAT, TIKTOK, INSTAGRAM EÐA FACEBOOK? Niðurstöður fyrir stráka og stelpur. Tölur eru hlutfallstölur.



Í öllum aldurshópum hafa fleiri stelpur en strákar þurft að blokka einhvern á samfélagsmiðlum.


VIÐBRÖGÐ BARNNA OG UNGMENNA VIÐ VINABEIÐNUM Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeir bregðist jafnan við vinabeiðnum á samfélagsmiðlum. Merkja mátti við fleiri en einn valkost. Á næstu mynd er svörum raðað eftir tíðni innan hvers aldurshóps.


MYND 14. HVERNIG BREGST ÞÚ VENJULEGA VIÐ VINABEIÐNI Á SAMFÉLAGSMIÐLUM?

Athugið að spurningin er fjölvalsspurning. Tölur eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=4359, framhalds- skóli n= 1040).


4.-7. bekkur



8.-10. bekkur




Framhaldsskóli



MYND 15. HVERNIG BREGST ÞÚ VENJULEGA VIÐ VINABEIÐNI Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM?

Niðurstöður eftir svarmöguleikum. Tölur eru hlutfallstölur.




Á myndinni að ofan sést að í fjórum valkostum lækkar hlutfallið með hækkandi aldri þ.e. að *samþykkja bara þá sem viðkomandi þekkir*, *samþykkja einungis þá sem foreldrar telja óhætt að samþykkja*, *samþykkja aldrei neinn* og *vera ekki viss*.

Nemendur á unglingastigi eru hlutfallslega líklegri en bæði þeir sem yngri og eldri eru til að merkja við valkostina að *samþykkja þá sem eiga sameiginlega vini*, *samþykkja þá sem eru á svipuðum aldri* og *samþykkja alla*.

MYND 16. HVERNIG BREGÐAST STRÁKAR OG STELPUR VENJULEGA VIÐ VINABEIÐNI Á SAMFÉLAGSMIÐLUM?

Raðað eftir svarmöguleikum fyrir stráka og stelpur. Tölur eru hlutfallstölur.




Hærra hlutfall stelpna en stráka í öllum aldurshópum segjast aðeins *samþykkja vinabeiðnir frá þeim sem þær þekkja* og ef foreldrar þeirra telja það óhætt.

Í eldri aldurshópunum, þ.e. unglinga- og framhaldsskólastigi, er hærra hlutfall stelpna en stráka sem *samþykkja vinabeiðnir frá einstaklingum sem eiga sameiginlega vini og vinabeiðnir jafnaldra sinna*. Þessu er öfugt farið í sömu efnisflokkum meðal nemenda í 4.-7. bekk, en þar er hlutfallið örlítið hærra meðal stráka.

Algengara er meðal stráka í öllum aldurshópum að *samþykkja allar vinabeiðnir á samfélagsmiðlum*. Þessi kynjamunur er mestur meðal stráka í 8.-10. bekk, þ.e. 17% stráka borið saman við 10% stelpna.

MYND 17. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA SAMÞYKKT VINABEIÐNI FRÁ EINHVERJUM SEM ÞÚ ÞEKKTIR EKKI ÁÐUR? Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=4359, framhalds- skóli n= 1040).




Um þrír af hverjum tíu í 4.-7. bekk hafa samþykkt vinabeiðni frá ókunnugum en tæpur helmingur (48%) segist aldrei hafa samþykkt einhvern sem þau þekktu ekki.

Nálægt sjö af hverjum tíu þátttakendum á unglinga- og framhaldsskólastigi segjast hafa samþykkt vinabeiðni á samfélagsmiðlum frá einhverjum sem þeir þekktu ekki áður. Tveir af tíu hafa aldrei samþykkt vinabeiðni frá ókunnugum einstaklingi.

Tiltölulega lítill kynjamunur er varðandi viðbrögð við vinabeiðnum frá ókunnugum, sjá mynd 18.

MYND 18. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA SAMÞYKKT VINABEIÐNI FRÁ EINHVERJUM SEM ÞÚ ÞEKKTIR EKKI ÁÐUR? Niðurstöður fyrir stráka og stelpur. Tölur eru hlutfallstölur.




HEIMILD BARNA OG UNGMENNA TIL AÐ DEILA MYNDUM OG MYNDSKEIÐUM

Allir þátttakendur fengu spurningar um eftirlit foreldra með athöfnum á netinu og hvort foreldrar gefi leyfi fyrir deilingu mynda og/eða myndskaiða á samfélagsmiðlum.

MYND 21. FÆRÐU LEYFI HJÁ FORELDRUM ÞÍNUM TIL AÐ GERA EFTIRFARANDI Á NETINU?

Niðurstöður eftir skólastigum. Tölur eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=4805, framhaldsskóli n=1092).




Meðal grunnskólabarna er algengast að hafa leyfi foreldra alltaf eða stundum til að deila myndum eða myndskaiðum á TikTok (48%) og Snapchat (52%). Heldur færri grunnskólanemar hafa leyfi til þess að deila myndum og myndskaiðum á Instagram (40%).

Innan við helmingur framhaldsskólanema hefur leyfi foreldra sinna til að deila myndum og myndskaiðum á samfélagsmiðlunum. Það hlutfall er lægra en meðal nemenda í 8.-10. bekk grunnskóla. Engu að síður eru 94-96% framhaldsskólanemanna með aðgang að þessum samfélagsmiðlum. Mögulega leggur þessi aldurshópur annan skilning í spurninguna en yngri þátttakendur.

MYND 22. FÆRÐU LEYFI HJÁ FORELDNUM ÞÍNUM TIL AÐ GERA EFTIRFARANDI Á NETINU?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur eftir skólastigum. Tölur eru hlutfallstölur.



Mynddeilingar á TikTok

Í öllum aldurshópum hafa stelpur leyfi fremur en strákar til að deila myndböndum alltaf eða stundum á TikTok. Hlutfall stráka og stelpna er hærra í 8.-10. bekk en 4.-7. bekk. Lægsta hlutfall stráka og stelpna er meðal framhaldsskólanema.

Mynddeilingar á Instagram

Stelpur eru líklegri en strákar til að hafa leyfi foreldra til að deila myndum eða myndböndum á Instagram. Hlutfall beggja kynja er nokkuð hærra í 8.-10. bekk en 4.-7 bekk. Í framhaldsskóla er kynjamunurinn minni en um helmingur þátttakenda í þeim hópi hefur leyfi foreldra sinna til að deila myndum eða myndböndum á miðlinum.

Mynddeilingar á Snapchat


Stelpur eru líklegri í öllum aldurshópum til að hafa leyfi foreldra sinna til að deila myndum/ myndböndum á Snapchat. Líkt og með Instagram er hlutfall beggja kynja nokkuð hærra í 8.-10. bekk en 4.-7 bekk. Í framhaldsskóla er kynjamunurinn minni, þar sem um helmingur þátttakenda fær leyfi til að deila myndum eða myndböndum á miðlinum.

EFTIRLIT FORELDRA MEÐ NETHEGÐUN BARNA OG UNGMENNA

Þátttakendur voru spurðir hvort foreldrar þeirra athuguðu hvað þeir hefðu verið að gera á netinu.

MYND 23. ATHUGA FORELDRAR ÞÍNIR EFTIRFARANDI ÞEGAR ÞÚ HEFUR VERIÐ Á NETINU?

Niðurstöður eftir skólastigum. Tölur eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=4805, framhaldsskóli n=1092).



4.-7. bekkur

Þátttakendur á þessu skólastigi segja algengast að foreldrar þeirra athugi *hve lengi þau hafi verið á netinu* (44%) og *hvaða öppum þau hafa hlaðið niður* (44%). Þriðjungur foreldra (33%) athugar *hvaða myndböndum börn þeirra deila*. Þessi aldurshópur fékk ekki spurningu varðandi *kaup í öppum á netinu*. Hlutfall foreldra barna á þessu skólastigi sem *athugar aldrei hvað þau gera* er 28-43%.

8.-10. bekkur

Foreldrar barna á unglingastigi hafa helst eftirlit með því *hversu lengi börn þeirra hafa verið á netinu* (30%) og *hvaða myndum eða myndböndum þau deila* (29%). Fjórðungur foreldra athugar *hvað sé keypt í öppum* sem hefur verið hlaðið niður. Meirihluti foreldra barna í 8.-10. bekk (56-66%) *athugar aldrei hvað börn þeirra gera á netinu*.

Framhaldsskóli

Meðal ungmenna í framhaldsskóla er algengast að foreldrar athugi *hvaða myndum eða myndböndum sé deilt* (23%) og *hve löngum tíma þau eyði á netinu* (17%). Þá athuga 14% foreldra *hvað sé keypt í öppum* sem hefur verið hlaðið niður. Flestir foreldrar framhaldsskólanema athuga aldrei hvað þau gera á netinu (71-88%).

MYND 24. ATHUGA FORELDRAR ÞÍNIR EFTIRFARANDI ÞEGAR ÞÚ HEFUR VERIÐ Á NETINU?

HLUTFALL BARNA SEM SEGJA AÐ ATHUGAÐ SÉ ALLTAF EÐA STUNDUM.

Niðurstöður fyrir stelpur og stráka. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Í flestum aðspurðum atriðum (5/8) er meira eftirlit með nethegðun stelpna en stráka. Með hækkandi aldri dregur úr eftirliti foreldra með virkni barna sinna á netinu.

Hversu lengi þú hefur verið á netinu

Í 4.-7. bekk er nokkuð jafnt hlutfall foreldra stráka og stelpna sem athugar hversu lengi þau hafi verið á netinu. Mestur er munurinn milli stráka (25%) og stelpna (34%) í 8.-10. bekk. Í framhaldsskóla segja 19% stráka og 16% stelpna að foreldrar þeirra hafi eftirlit með hversu lengi þau séu á netinu.

Öppin sem þú hefur hlaðið niður

Á öllum skólastigum er ekki umtalsverður munur milli stráka og stelpna og hvort foreldrar þeirra athugi öppin sem þau hlaða niður. Hlutfall foreldra sem athugar hvaða öppum hefur verið hlaðið niður er hæst í yngsta hópnum en fækkar mjög með hækkandi aldri.

Myndir og myndbönd sem þú hefur deilt

Á öllum skólastigum eru foreldrar stelpna líklegri en stráka til að athuga hvaða myndum og myndböndum þær deila. Í báðum aldurshópum grunnskóla er hlutfall eftirlits foreldra með stelpum heldur meira en með strákum. Í framhaldsskóla minnkar eftirlitið en er engu að síður meira með mynddeilingum stelpna.

Hvaða vinum eða fylgjendum hefur verið bætt við á Snapchat, TikTok eða Instagram

Hærra hlutfall stelpna en stráka í öllum aldurshópum telur að foreldrar þeirra fylgist með hvaða vinum eða fylgjendum þær hafi bætt við á samfélagsmiðlunum.

Skilaboð og/eða tölvupóstinn þinn

Lítill munur er á strákum og stelpum (2-4%) þegar kemur að eftirliti foreldra með skilaboðum eða tölvupóstum. Verulega dregur úr þessu eftirliti foreldra með hækkandi skólaaldri.

Hvað þú hefur skoðað

Örlítið hærra hlutfall foreldra stráka en stelpna á öllum skólastigum athugar hvað þeir hafa verið að skoða á netinu.

Aðganginn þinn á Snapchat, TikTok eða Instagram

Á öllum skólastigum eru foreldrar stelpna líklegri en stráka til að skoða aðgangsreikninga þeirra á Snapchat, TikTok og Instagram. Munur milli stráka og stelpna er mestur meðal yngstu þátttakandanna í 4.-7. bekk (9%).


Hvað þú hefur keypt í öppunum þínum

Hærra hlutfall stráka en stelpna á báðum skólastigum segja að foreldrar þeirra skoði hvað þeir hafi keypt í öppunum sínum. Nemendur í 4.-7. bekk fengu ekki þessa spurningu.

NAFNLAUS EÐA FALSKUR AÐGANGUR AÐ SAMFÉLAGSMIÐLUM


Þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi voru spurðir hvort þeir hefðu einhvern tímann haft falskan eða nafnlausan aðgang að samfélagsmiðlum.

MYND 25. ERTU MEÐ EÐA HEFUR ÞÚ VERIÐ MEÐ NAFNLAUSAN EÐA FALSKAN AÐGANG AÐ SAMFÉLAGSMIÐLUM? Einungis þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=2312, framhaldsskóli= 1092).



Rúmur helmingur þátttakenda á unglinga- og framhaldsskólastigi hefur aldrei verið með falskan eða nafnlausan aðgang á samfélagsmiðlum. Nemendur í 4. – 10. bekk fengu ekki þessa spurningu. Hlutfall þátttakenda sem annaðhvort er með eða hefur haft nafnlausan eða falskan aðgang að samfélagsmiðlum eykst lítillega með aldri úr 37% meðal barna í 8.-10. bekk í 40 % meðal framhaldsskólanema.

MYND 26. ERTU MEÐ EÐA HEFUR ÞÚ VERIÐ MEÐ NAFNLAUSAN EÐA FALSKAN AÐGANG AÐ SAMFÉLAGSMIÐLUM? Niðurstöður fyrir stráka og stelpur. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Á báðum skólastigum er hlutfall stelpna örlítið hærra en stráka meðal þeirra sem voru með eða höfðu einhvern tíma verið með nafnlausan eða falskan aðgang að samfélagsmiðlum.

YFIRLIT UM FJÖLDA ÞÁTTAKENDA

Í töflunni hér á eftir má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins mögulegt að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

Grunnskóli	Stelpur		Strákar		Annað		Fjöldi alls	
4. bekkur	228	46.0%	267	53.8%	1	0.2%	496	100,0%
5. bekkur	307	48.9%	309	49.2%	12	1.9%	628	100,0%
6. bekkur	332	48.9%	332	48.9%	15	2.2%	679	100,0%
7. bekkur	332	50.1%	312	47.1%	19	2.9%	663	100,0%
8. bekkur	432	52.2%	365	44.1%	31	3.7%	828	100,0%
9. bekkur	378	47.8%	383	48.5%	29	3.7%	790	100,0%
10. bekkur	351	48.9%	347	48.3%	20	2.8%	718	100,0%
Samtals	2360	49.1%	2315	48.2%	127	2.6%	4802	100,0%

Framhaldsskóli								
15 ára	1	33,3%	2	66,7%	0	0,0%	3	100,0%
16 ára	147	57,9%	102	40,2%	5	2,0%	254	100,0%
17 ára	341	62,7%	193	35,5%	10	1,8%	544	100,0%
18 ára	201	65,3%	104	33,8%	3	1,0%	308	100,0%
Samtals	690	62,4%	401	36,3%	18	1,6%	1109	100,0%

TAFLA 1. FJÖLDI ÞÁTTAKENDA EFTIR BEKK/ALDRI OG KYNI.

BESTU ÞAKKIR

Þakkir

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólum sínum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið.

Einnig þökkum við skólameisturum framhaldsskóla fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.